

Nd.

366. Frumvarp til laga

[52. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

(Eftir 3. umr. í Ed., 2. maí.)

1. gr.

Á eftir 1. másl. 2. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr másl.:

Ráðherra getur þó ákveðið, að sama skuli gilda um sjúkrahús, sem er sérstaklega vel búið að tækjum til sjúkdómsgreiningar og meðferðar og hefur fastráðið eða ákveðið að ráða til starfa nægilega marga lækna til þess að leysa af hendi þau störf, sem eru við hæfi þess, þó ekki færri en þrjá.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlega styrkur til sjúkrahúsa sem hér segir:

1. Almennt sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga svo og einkasjúkrahús, sem áður hefur notið dagstyrkja úr ríkissjóði: 10 kr. á legudag.

2. Sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga, sem að dómi landlæknis er vel búið tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og fyrsta aðstoðarlækni: 15 kr. á legudag. Sé slíkt sjúkrahús sérstaklega vel búið tækjum til sjúkdómsgreiningar og meðferðar og hafi fastráðið eða ákveðið að ráða til starfa nægilega marga lækna til þess að leysa af hendi þau störf, sem eru við hæfi þess, þó ekki færri en þrjá, getur ráðherra veitt því viðurkenningu til þess að njóta sama rekstrarstyrks og fjórðungssjúkrahús.

3. Fjórðungssjúkrahús (sbr. 10. gr.): 25 kr. á legudag. Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggji rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almenn daggjöld af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um læknaskipan viðurkenndra sjúkrahúsa.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 52 12. júní 1958, um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.